

Fundargerð

12. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2006-2008, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, föstudaginn 26. janúar 2007, kl. 17:00.

Fundinn sátu: Arnþór Sigurðsson, formaður, Áslaug Ívarsdóttir, Gestur Guðjónsson, Gunnar Sigurðsson, Birgir Guðjónsson, Stefán Jónasson, Fríða Rún Þórðardóttir unglíngalandsliðsþjálfari og Egill Eiðsson. framkvæmdastjóri.
Hörður Sverrisson boðaði forföll.

1. Fundargerð 11. fundar stjórnar lögð fram og samþykkt.

2. Fjármál.

- a) Færsla bókhalds fyrir árið 2006. Færsla aðalbókar 2006 lögð fram.
- b) Styrktarsamningar vegna 2007.
Gengið hefur verið frá samningi við þrjú fyrirtæki vegna innanhússmóta 2007, en þetta eru Vísa, Atlantsólía og Ölgerð Egils Skallagrímssonar, auk þess sem Vísa verður áfram með merki sitt á keppnisnúmerum á árinu og verður einn af aðalstyrktaraðilum FRÍ.
Samningur er í gildi við Actavis vegna ársins 2007 og er stefnt að því að ná samningum við þrjú fyrirtæki til viðbótar á næstu vikum um að verða aðalstyrktaraðilar vegna Gullmótanna, MÍ og Bikarkeppni utanhúss.

3. Mótamál.

- a) Úthlutun utanhússmóta 2007.
Allir mótshaldarar sem tekið hafa að sér framkvæmd móta á vegum FRÍ utanhúss á árinu hafa staðfest að þeir taki að sé mótin. Skoða verður betur staðsetningu á Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri, en skv. upplýsingum frá Laugardalsvelli getur það mót ekki farið fram þar 8.sept. vegna landsleiks á Laugardalsvelli þann dag.
- b) Bikarkeppni FRÍ 24.feb.
Lagt fram drög að boðsbréfi vegna keppinnar.
- c) Yfirdómarar á MÍ, MÍ í fjölþrautum og Bikarkeppni FRÍ. Vísað til Tækninefndar FRÍ.
- d) Reykjavíkurleikar 21.jan. sl.
Framkvæmd mótsins sem gekk mjög vel og var almenn ánægja, bæði hjá íþróttafólki og áhorfendum með mótið. Samstarf FRÍ og FÍRR var gott í undirbúningi mótsins, en framkvæmdanefndin hélt samtals níu fundi í desember og janúar. Framkvæmdastjóri lagði fram drög að fjárhagsupp-
gjöri mótsins og er útlit fyrir örlítin hagnað af mótshaldinu.
- e) Skólaþrífraut 2007.
Formaður lagði fram kynningarveggspjald fyrir skólaþrífraut FRÍ 2007. Bréf, ásamt veggspjaldinu verður sent í alla grunnskóla á landinu í næstu viku, þar sem nemendum í 5. og 6. bekk verður boðið að taka þátt í keppninni. Hægt verður að taka þátt frá 1. febrúar til 1. maí. Keppt verður í þremur greinum, hástökki, kúluvarpi og 120 metra hlaupi og skal skrá árangur inn
í mótaforrit FRÍ. Stigahæstu einstaklingum verður svo boðið á lokamót í maí. Sigurvegarar í hverjum árgangi beggja kynja verður svo boðið að

taka þátt í Gautaborgarleikunum í júlí í boði FRÍ og Icelandexpress, sem er sérstakur styrktaraðili skólaþríþrautar FRÍ 2007.

4. Landsliðs- og afreksmál.

a) Málefni fundar ÍPA.

Gunnar Sigurðsson, formaður Íþróttá- og afreksnefndar FRÍ (ÍPA) fór yfir málefni sem tekin voru til afgreiðslu á fundi nefndarinnar þann 10. jan. sl.

- Lagðar fram tillögur ÍPA vegna viðurkenninga til frjálsíþróttafólks vegna ársins 2006. Samþykkt og jafnframt ákveðið að afhenda viðurkenningarnar í tengslum við Bikarkeppni FRÍ innanhúss.
- Lagðar fram tillögur um einstaklinga í Ólympíuhóp FRÍ 2008. Samþykkt.
- Umræður nefndarinnar um landsliðsþjálfaramál.
- Lágörk fyrir mót á árinu 2007. Samþykkt. Lágörkin verða sett inn á heimasíðu FRÍ til kynningar.

b) Afreksstefna og rammamóttar.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna að tillögu að rammamóttar við landsliðsfólk og jafnframt unglingslandslíð.

5. Lagt fram.

- Lagt fram efnisyfirlit frá ritsjóra 4. árg., 1.tbl. Frjálsíþróttablaðsins, en blaðið kemur út þann 22. febrúar nk. Öflun auglýsinga í blaðið er í gangi.
- World Athletics Day 2007. Lagt fram til kynningar.
- Félagaskipti.

Eftirfarandi félagaskipti hafa verið tilkynnt til FRÍ frá síðasta fundi:

- Haukur Geir Valsson, kt. 220889-2979, úr Breiðabliki (UMSK) í Umf.Geisla (USAH). Fékk réttindi með Geisla 1. janúar sl.
- Halldór Lárusson, kt. 190883-5669, úr UMFA (UMSK) í FH (ÍBH). Fékk réttindi með FH 1. janúar sl.
- Guðmundur D. Kristjánsson, kt. 160982-5009, úr UMFA (UMSK) í Breiðablik (UMSK). Fékk réttindi með Breiðabliki 1. janúar sl.
- Brynja Finnsdóttir, kt. 100689-3169, úr UMFA (UMSK) í Breiðablik (UMSK). Fékk réttindi með Breiðabliki 1. janúar sl.
- Þorsteinn Magnússon, kt. 270576-5759, úr ÍR (ÍBR) í Umf.Selfoss (HSK). Fékk réttindi með Umf.Selfoss 9. janúar sl.
- Björgvin Reynir Helgason, kt. 230282-3079, úr Umf.Heklu (HSK) í Umf.Dímon (HSK). Fékk réttindi með Dímon 10. janúar sl.
- Agnes Erlingsdóttir, kt. 170690-3469, úr UMFL (HSK) í Umf.Selfoss (HSK). Fékk réttindi með Umf.Selfoss 11. janúar sl.
- Linda Ársælsdóttir, kt. 280588-3429, úr Umf.Æskunni (UMSE) í UFA (ÍBA). Fékk réttindi með UFA 17. janúar sl.
- Ebba Karen Garðarsdóttir, kt. 090289-3229, úr Umf.Samherja (UMSE) í UFA (ÍBA). Fékk réttindi með UFA 17. janúar sl.
- Bjarni Malquist Jónsson, kt. 250287-3139, úr Umf.Vísi (USÚ) í Fjölni (ÍBR). Fékk réttindi með Fjölni 18. janúar sl.
- Örvar Rafn Hlíðdal, kt. 311084-3219, úr Umf.Dímon (HSK) í Umf.Vöku (HSK). Fékk réttindi með Umf.Vöku 26. janúar sl.
- Arndís M. Einarsdóttir, kt. 230286-3029, úr Tindastóli (UMSS) í Breiðablik (UMSK). Fær réttindi fyrir Breiðablik 31. janúar nk.

- d) Íþróttasjóður – Menntamálaráðuneytið.
FRÍ sendi tvær umsóknir í Íþróttasjóð Ríkissins og fékk sambandið úthlutað 300 þús. Kr. Vegna kynningar og útbreiðslu á frjálsíþróttum fyrir árið 2007. Hinni umsókninni var hafnað.
- e) ÍSÍ, úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ.
FRÍ hlaut eftirfarandi styrki úr Afrekssjóði ÍSÍ vegna ársins 2007:
- A-styrk að upphæð kr. 160.000 á mánuði vegna Þóreyjar Eddu Elísdóttur.
 - A – styrk að upphæð kr. 160.000 á mánuði vegna Ásdísar Hjálmsdóttur.
 - B-styrk að upphæð kr. 80.000 á mánuði vegna Silju Úlfarsdóttur.
 - Styrk að upphæð kr. 1.000.000 vegna landsliðsverkefna.
- f) ÍSÍ, úthlutun úr sjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna:
FRÍ fékk úthlutað styrk vegna níu íþróttamanna vegna þjálfunar- og keppniskosnaðar þeirra. Þetta er vegna eftirfarandi íþróttamanna:
- Ragnheiður Anna Þórsdóttir; kr. 200.000
 - Sveinn Elías Elíasson; kr. 200.000
 - Þorsteinn Ingvarsson; kr. 200.000
 - Íris Anna Skúladóttir; kr. 150.000
 - Helga Margrét Þorsteinsdóttir; kr. 100.000
 - Einar Daði Lárusson; kr. 100.000
 - Stefanía Hákonardóttir; kr. 100.000
 - Örn Davíðsson; kr. 100.000

Fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson